

ÞINGFLOKKUR SAMTAKA UM KVENNALISTA

Morgunblaðið, ritstjórn
c/o fréttastjóri

Reykjavík, 1. 11. 1989

Eftirfarandi athugasemd óskast birt í blaðinu:

ÚTSKIPTAREGLA KVENNALISTANS:

Vegna fréttar í Morgunblaðinu 31. okt. sl.
um fulltrúaskipti á Alþingi vill Kvennalistinn
taka fram eftirfarandi:

Í upphafi fréttarinnar segir orðrétt: "Samkvæmt
reglu sem Samtök um kvennalista hafa sett sér, þá á
engin kona sem gegnir trúnaðarstarfi fyrir samtökin
að gegna því lengur en sex ár samfleytt". Þetta er
misskilningur, sem reyndar hefur áður komið fram í
fjölmiðlum, og gæti því virst sem kvennalistakonur
tækju lítið mark á eigin starfsreglum. Sannleikurinn
er hins vegar sá, að samkvæmt samþykkt landsfundar
Kvennalistans árið 1986 er viðmiðunarreglan sú, að
engin kona gegni lengur fulltrúastörfum á Alþingi
en að hámarki 6 - 8 ár í senn, og sú regla hefur
sannarlega ekki verið brotið.

Með bestu kveðju og þakklæti,
f.h. kvennalistakvenna

Kristín Halldórsdóttir
Kristín Halldórsdóttir